



9. september 2014

Tilkynning.

Neysluvatn í Sveitarfélaginu Vogum.

Mánudaginn 8. september sl. voru tekin 4 sýni af neysluvatni í Sveitarfélaginu Vogum. Tilgangur sýnatökunnar var að kanna hvort enn gætti þeirrar *E. coli* mengunar sem vart varð í reglubundnu eftirliti með gæðum neysluvatns þann 1. september sl. og staðfest var með frekari sýnatöku dagana á eftir. Þann 8. september sl. varð ekki vart við mengun af völdum *E. coli* í neysluvatni í Sveitarfélaginu Vogum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur ákveðið að aflétta tilmælum sínum um suðu á neysluvatni í Sveitarfélaginu Vogum. Embættið mun hafa sérstakar gætur á gæðum neysluvatns í Vogum næstu vikur og miðla upplýsingum þar um til bæjarbúa.